

Styrkur til lífeindafræðinema á NML2017

Auglýsing um fjárstyrk fyrir lífeindafræðinema á norðurlandaráðstefnu lífeindafræðinga.

Stjórn Vísinda- og fræðslusjóðs FL hefur ákveðið að bjóða tveimur nemendum í lífeindafræði eða nýútskrifuðum lífeindafræðingum styrk til að sækja stúdentahluta norðurlandaráðstefnu NML í Helsinki dagana 5-7 október 2017.

Heildarupphæð styrkveitingar verður: 140.000 ISK hvor styrkur.

Sjóðsstjórn setur ákveðin skilyrði fyrir styrkveitingunni, þau eru eftirfarandi:

1. Styrkþegi þarf að hafa nemaaðild að Félagi lífeindafræðinga
2. Styrkþegi þarf að hafa samþykkt ágrip á ráðstefnuna
3. Ef umsækjendur verða fleiri en tveir mun úthlutun styrkja ráðast af eftirfarandi:
 - Samþykkt ágrip sem verður einnig flutt sem munnlegt erindi ráðast ofar en ágrip sem eingöngu er birt sem veggspjald
 - Nemandi sem er lengra komin í námi gengur fyrir nema sem er styttra komin í námi.

Sjá nánari upplýsingar um Student Forum: <http://www.nml2017.fi/studentforum.html>

Umsóknir um styrkinn skulu sendar á umsóknareyðublaði Fræðslusjóðs FL sem finna má á heimasíðu félagsins til fl@bhm.is fyrir 1.júní 2017. Í viðbótarupplýsingum þarf að koma fram hversu langt nemandi er komin í námi sínu, heiti ágríps, rökstuðningur fyrir því af hverju viðkmandi nemi ætti að hljóta styrkinn og hvernig hann mun eftir þingið nýta sér það sem hann hefur lært á þinginu.

Við minnum á að lokadagur til að skila ágripi á NML2017 ráðstefnuna er 31.05.2017.